



## Fréttabréf forseta

Febrúar 2017

### Kæru formenn í Delta Kappa Gamma

#### Skýrslur

Ég vil byrja á að þakka ykkur öllum hversu vel þið brugðust við beiðninni um skýrsluskrifin. Allar deildir skiluðu inn skýrslunni á réttum tíma og daginn eftir gat ég tekið saman svör ykkar og sent mína skýrslu út til alþjóðasambandsins. Vel gert! 😊

#### Landsambandsþingið

Dagskrá þingsins er í burðarliðnum og verður birt allra næstu daga. Heimilt verður að taka með sér gesti á laugardeginum og hvet ég ykkur allar til að gera það og fjölmenna á þingið. Þarna er tækifæri til að kynna félagskonum úr öðrum deildum, endurnýja gömul kynni og njóta. Eins og kemur fram á vefnum okkar, hvetjum við allar deildir til að undirbúa örstutt skemmtiatriði eða gamanmál til að „léttu okkur lundina“, annaðhvort á laugardagskvöldinu eða á aðalfundinum á sunnudeginum. Á þinginu langar okkur til að veita einhverri félagskonu viðurkenningu fyrir vel unnin störf í þágu samtakanna. Tillögur um verðugan viðurkenningarhafa óskast, ásamt rökstuðningi fyrir valinu. Þetta verður líka auglýst á vefnum.

Við fáum einn erlenda gest á vorþingið okkar. Það er [Beverly Helms](#) sem var forseti alþjóðasambandsins 2012–2014 og kemur sem fulltrúi alþjóðasamtakanna. Beverly, sem er meðlimur í Flórída State, er búin að vinna lengi og vel fyrir samtökin. Hún heimsótti okkur líka árið 2007 þegar landsambandsþingið var haldið í Reykholti og ættu einhverjar að muna eftir henni síðan þá. Það er tilhlökkunarefni að fá þessa reyndu konu til okkar.

#### Evrópuþingið í Tallinn

Evrópuþingið okkar í sumar verður haldið í Tallinn í Eistlandi dagana **26.–29. júlí**. Búið er að opna vefsíðu til að halda utan um upplýsingar vegna þingsins á slóðinni: <http://erc2017.weebly.com/> Nú þegar er hægt að bóka gistingu á sérstöku afsláttartilboði á ráðstefnuhótelinu og eru upplýsingar um skráningu á þingið sjálfvæntanlegar innan skamms.

#### Heimasíður deilda

Flestar deildir hafa tekið við sér með uppfærslu á vefsíðum sínum, þó ekki alveg allar. Ég hvet þær örfáu sem ekki hafa sinnt vefnum undanfarin jafnvel 2–3 ár að gera nú bragarbót á því. Ef einhverjar deildir þurfa aðstoð má að sjálfsögðu hafa samband við mig sem vefstjóra.

#### Inntaka

Þó nokkrar deildir hafa verið að taka inn nýja meðlimi og aðrar munu gera það á næstu mánuðum. Ég bendi ykkur á að hjá Jensínu gjaldkera ([gvjv@simnet.is](mailto:gvjv@simnet.is)) fást svokölluð inngönguskírteini sem hægt er að afhenda nýjum félögum. Hafið samband við hana og hún mun senda ykkur um hæl. Einnig biðjum við ykkur um að muna að tilkynna nýja féлага til Féлага- og útbreiðslunefndar

svo nýju félagarnir komist í félagatalið. Þið sjáið í [félagatalinu](#) hvaða upplýsingar þarf að gefa um hverja konu.

### Verum virkar – styrkjum starfið

#### Stofnun nýrrar deildar

Nú er stofnun nýrrar deildar á Norð-Vesturlandi að verða að veruleika. Hún hlýtur nafnið nafnið **Ný** (eða Nu samkvæmt gríska stafrófinu). Búið er að ákveða stofndag 2. apríl næstkomandi og verður fundurinn á Blönduósi. Það eru allir DKG félagar velkomnir á stofnfundinn og verður hann auglýstur á vefnum okkar þegar nær dregur.

#### Íslenski námsstyrkjasjóðurinn

Umsóknarfrestur til að sækja um styrk í sjóðinn rennur út 1. mars. Sjá [nánar](#) á heimasíðunni okkar.

#### Að lokum

Gangi ykkur vel í deildastarfinu það sem eftir er af starfsárinu. Munið heimasíðuna og Facebook síðuna (þar mega allar setja inn efni). Mætum á fundina í deildunum og reynum að koma á tengslum við aðrar deildir. Það styrkir starfið til framtíðar.

#### Bestu kveðjur!

**Eygló Björnsdóttir, forseti DKG**